

Leikskólinn Marbakki



Leikskólar Kópavogs
Starfsáætlun 2025 – 2026

Efnisyfirlit

1. Formáli	3
2. Inngangur	3
3. Leiðarljós leikskólans	4
4. Mat á skólastarfi	4
Innra mat 2024-2025	5
Ytra mat	5
Umbótaáætlun	6
Matsáætlun vegna skólaársins 2025 – 2026	6
5. Áherslur í starfi leikskólans	7
6. Foreldrasamstarf.....	7
Foreldraráð	7
Foreldrafélag.....	7
7. Tengsl leik- og grunnskóla.....	7
8. Starfsmannamál	8
9. Símenntunaráætlun	8
10. Aðrar upplýsingar	8
Skipulagsdagar sem eru lokunardagar og skráningardagar.	8
Fjöldi barna	9
Húsnæði og lóð.....	9
Ósk um viðhald skólaárið 2025 – 2026	9
Öryggismál	9
11. Fylgigögn.....	10
Fylgiskjal 1 – Umbótaáætlun	10
Fylgiskjal 2 – Símenntunaráætlun	13
Fylgiskjal 3 – Leikskóladagatal	14
Fylgiskjal 4 – Umsögn foreldraráðs.....	15

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, starfsaðferðir, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá.

2. Inngangur

Leikskólaárið 2024 til 2025 hófst mjög vel. Ágætlega gekk að manna í lausar stöður að hausti og aðlögun nýrra nemenda var lokið að mestu í byrjun september. En svo vildi til að á haustönn hættu 5 börn og fluttu úr sveitarfélaginu og því komu 5 börn í aðlögun í janúar og febrúar 2025. Vegna veikinda hjá starfsfólki urðu nokkrar mannabreytingar þá aðallega á deildinni Læk á vorönn en deildarstjórinn þar datt óvænt úr starfi í febrúar 2025 og síðan þá hefur aðstoðarleiksólastjóri sinnt deildarstjórastöðunni meðfram sínum verkefnum. Það jákvæða var að búið var að ráða í deildarstjórastöðuna áður en við fórum í sumarfrí og viðkomandi mætti til starfa í ágúst 2025.

Endurskoðuð skólanámskrá Marbakka var gefin út í október 2024. Endurskoðun skólanámskráarinnar tók tvö skólaár og í því ferli var lögð áhersla á að umræða yrði við allt starfsfólk um sérhvern þátt skólanámskráarinnar og rætt með hvaða hætti hún væri byggð á Aðalnámskrá leikskóla frá 2023, lögum um leikskóla nr. 90/2008, reglugerðum fyrir leikskóla, Farsældarlögum (Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021), Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, Menntastefnu Kópavogs og Handbók um leik barna í leikskólum sem gefin er út af Menntamálastofnun 2024.

Á síðasta skólaári voru ný ákvæði í aðalnámskrá leikskóla með áherslu á inngildingu, fullgildingu og hlutverk kennara innleidd í Marbakka og gekk sú innleiðing samkvæmt áætlun sem sett var fram í starfsáætlun fyrir síðasta skólaár.

Innleiðing farsældarlaganna gengur samkvæmt áætlun, sérkennslustjórinn er tengiliður Marbakka og hefur leitt innleiðinguna í Marbakka með miklum ágætum ásamt góðu aðhaldi og fræðslu frá verkefnisstjóra innleiðingar farsældar hjá Kópavogsbæ.

Árgangur 2019 sem útskrifaðist úr Marbakka á vorönn 2026 var nokkuð fjölmennur auk þess sem óvenju mörg börn í öðrum árgöngum sögðu plássi sínu lausu frá hausti 2025 vegna flutninga. Því er ljóst að það verða óvenju mörg börn sem koma í aðlögun haustið 2025 og fjöldi verða töluvert yngri en þau hafa verið á undanförunum haustum.

3. Leiðarljós leikskólans

Einkunnarorð Marbakka eru sjálfstæð, glöð og skapandi börn. Leikskólinn starfar eftir starfsaðferðum Reggio Emilia en grundvöllur þeirra starfsaðferða er lýðræði og lögð áhersla á að börnin alist upp við að þau hafi heilmikið um sitt eigið líf að segja, þau hafi bæði rödd og áhrif. Litið er á barnið sem hæfileikaríkt og skapandi og virkni þess og áhugahvöt sé árangursríkasti drifkrafturinn í námi þess.

4. Mat á skólastarfi

Matsáætlun fyrir skólaárið var fylgt eftir og gagnaöflun höfð fjölbreytt. Gagna var aflað hjá börnum, foreldrum og starfsfólki leikskólans og má þar nefna viðhorfskönnun meðal allra starfsmanna, markvissar umræðum starfsfólks um starfið, viðhorfskönnun meðal foreldra, endurmatssamtal við foreldraráð Marbakka og stjórn foreldrafélagsins, foreldraviðtöl, starfsmannasamtöl og viðhorfskönnun meðal elstu barna leikskólans. Allt eru þetta dæmi um gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Starfið var einnig metið jöfnum höndum á starfsmannafundum, deildafundum, deildastjórafundum og á fundum lausnateymis leikskólans. Sjálfsmat Marbakka er umbótamiðað og niðurstöður þess settar fram opinberlega á heimasíðu leikskólans í sjálfsmatsskýrslu.

Innra mat 2024-2025 (hvað var metið? Stutt samantekt fyrir leikskólann í heild sinni)

Matsþættir	2024-2025	Gagnaöflun
Stjórnun		
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna og viðhorfskönnun meðal foreldra.
Faglegt samstarf	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna
Leikskólaþróun og símenntun	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna, endurmatsfundur með foreldraráði og stjórn foreldrafélagsins og viðhorfskönnun meðal foreldra
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna og viðhorfskönnun meðal foreldra
Uppeldis- og menntastarf		
Skipulag náms og námsaðstæður	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna, viðhorfskönnun meðal barna fædd 2019 og viðhorfskönnun meðal foreldra
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna og viðhorfskönnun meðal foreldra
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna, viðhorfskönnun meðal barna fædd 2019 og viðhorfskönnun meðal foreldra
Námssvið leikskólans	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna, viðhorfskönnun meðal barna og viðhorfskönnun meðal foreldra
Mat á námi og velferð barna	x	Viðhorfskönnun meðal foreldra, deildarfundir, lausnarteymifundir og fundir sérkennsluteymisins.
Leikskólabragur		
Viðmót og menning	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna, viðhorfskönnun meðal foreldra, endurmatsfundur með foreldraráði og stjórn foreldrafélagsins og foreldraviðtöl
Velferð og líðan barna	x	Viðhorfskönnun meðal foreldra, viðhorfskönnun meðal barna fædd 2019, endurmatsfundur með foreldraráði og stjórn foreldrafélagsins og foreldraviðtöl
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	x	Viðhorfskönnun meðal foreldra, endurmatsfundur með foreldraráði og stjórn foreldrafélagsins og foreldraviðtöl
Viðhorf foreldra	x	Viðhorfskönnun meðal foreldra, endurmatsfundur með foreldraráði og stjórn foreldrafélagsins og foreldraviðtöl

Ytra mat

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna var gerð í mars 2025 og viðhorfskönnun meðal foreldra var gerð í febrúar 2025. Deildarstjóri leikskóladeildar kom í heimsókn í maí 2025 og ræddi við stjórnendur og tók út stöðuna og starfið.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Sjá Umbótaáætlun í fylgisskjal 1.

Matsáætlun vegna skólaársins 2025 – 2026

- Uppeldisfræðilegar skráningar gerðar jafnt og þétt yfir skólaárið 2025-2026.
- Starfið metið jöfnum höndum yfir skólaárið á deildarstjóra-, deilda-, lausnateymis- og starfsmannafundum.
- Starfsmannasamtöl febrúar/mars 2026
- Viðhorfskönnun meðal starfsmanna verður gerð í mars 2026 (af Skólapulsinum?)
- Umbótaáætlun yfirfarin af stjórnendum í júní 2026
- Viðhorfskönnun elstu barnanna verður gerð í maí 2027
- Endurmatsfundur með foreldraráði leikskólans verður í maí 2026.
- Viðhorfskönnun meðal starfsmanna í maí 2026.

Matsþættir	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi		x		x
Stjórnun skólans og daglegur rekstur		x		x
Faglegt samstarf	x		x	x
Leikskólaþróun og símenntun		x		x
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka		x		x
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans	x		x	
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara	x		x	
Fagmennska starfsfólks	x		x	
Starfsánægja	x		x	
Leikskólabragur				
Viðmót og menning		x		x
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi		x		x
Viðhorf foreldra		x		x
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni	x		x	
Gagnaöflun og vinnubrögð	x		x	
Opinber birting og umræður	x		x	

5. Áherslur í starfi leikskólans

Á skólaárinu 2024 til 2025 var unnið að gerð málstefnu fyrir Marbakka og fyrirhugað er að ljúka við hana í upphafi skólaárs 2025 til 2026. Gerð verður læsisstefna fyrir Marbakka á skólaárinu 2025 til 2026 sem mun byggja á málstefnunni, auk þessa verður áfallaáætlun Marbakka uppfærð.

Fyrirhugað er að samhliða innleiðingu á mál- og læsisstefnum Marbakka eflum við starfsmannahópinn til að mæta þörfum allra nemenda til að þeir nemendur nái sem bestum tókum á íslensku máli. Áhersla verður lögð á að nemendur með íslensku sem annað tungumál fái örvun í íslensku máli svo hægt sé að bæta möguleika þeirra til náms en rannsóknir sýna að börn með íslensku sem annað tungumál eru mun líklegri til að flosna frá námi en þau sem hafa hana sem móðurmál. Við munum áfram nýta okkur hæfniramma í íslensku fyrir þau börn eins og við höfum gert síðustu skólaár. Það eru líka blikur á lofti með íslensku sem móðurmál og læsi og lesskilningi er að hraka meira á Íslandi en hjá viðmiðunarþjóðum ef marka má nýjustu rannsóknir á læsi og lesskilningi. Mikilvægt að leikskólinn vinni að því að efla íslenskt mál en það sé ávallt lögð áhersla á að það sé að mestu í gegnum frjálsan leik. Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla þarf leikurinn alltaf að vera í forgrunni í öllu starfi.

Fyrirhuguð er þátttaka Marbakka í Nord+ verkefni með Litháen og Noregi. Skrifleg vinna við verkefni hófst í ágúst 2025 og ákveðið er að við í Marbakka tókum á móti samstarfslöndunum 21. og 22. október 2025. Verkefnið hverfist um fjölbreytileg viðfangsefni í útinámi sem eflir alhliða þroska leikskólabarna.

6. Foreldrasamstarf

Foreldrar/Forráðamenn eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðu leikskólans.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða.

7. Tengsl leik- og grunnskóla

Marbakki hefur átt í formlegu samstarfi við Kársnesskóla en á næsta ári mun það vera Barnaskóli Kársness sem er að hefja sitt fyrsta starfsár. Kennarar skólanna útfæra samstarfið á hverju hausti. Gera má ráð fyrir að samstarfið verði með svipuðum hætti og áður þar sem elsti árgangur leikskólans fer í heimsóknir í Barnaskóla Kársness og nemendur úr Barnaskóla Kársness heimsækja leikskólann. Þegar fyrir liggur hvernig samstarfinu við Barnaskóla Kársness verður háttað fá foreldrar elsta árgangsins upplýsingar um það í sérstökum viðburðarbæklingi ásamt upplýsingum um aðra sérstaka viðburði sem árgangurinn tekur þátt í sem elsti árgangur leikskólans. Upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir áframhaldandi nám og þroska barns fer með tryggum hætti frá Marbakka í þann grunnskóla sem barnið fer í.

8. Starfsmannamál

Í Marbakka er gert ráð fyrir, um það bil, 17 stöðugildum á deildum á komandi skólaári, 1 stöðugildi leikskólastjóra, 0,6 stöðugildi í stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 0,5 stöðugildi sérkennslustjóra og 1,75 stöðugildi í eldhúsi. Að auki er ákveðinn fjöldi stöðugilda til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna.

Gert er ráð fyrir um það bil 26 stöðugildum þegar allar stöður er teknar með. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og fjórir deildarstjórar af 5 eru með leyfisbréf kennara. Einn deildarstjóri sem kom til starfa í ágúst 2024 er með háskólamenntun og er að hefja viðbótarnám við aðra háskólamenntun í haust 2025 og stefnir á leyfisbréf kennara vor 2027. Þar til viðbótar eru fimm með leyfisbréf leikskólakennara þrír starfandi á deild og tveir í stuðningskennslu. Í stuðningskennslunni er starfandi einn þroskajálfi.

Deildarstjóri er yfirmaður hvernar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara, nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna.

Gert er ráð fyrir heldur fleiri stöðugildum á deild á skólaárinu 2025 til 2026 en hefur verið undanfarin ár þar sem fjöldi barna tveggja ára og yngri við upphaf skólaárs 2025 verður mun meiri en hin síðustu ár.

9. Símenntunaráætlun

Símenntunaráætlun byggir á þeirri fræðsluþörf sem kemur fram við endurmat liðins skólaárs og áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, til að auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni þess. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og eru haldin á starfsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

10. Aðrar upplýsingar

Skipulagsdagar sem eru lokunardagar og skráningardagar.

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins.

- 19. september, föstudagur.
- 12. nóvember, miðvikudagur.
- 19. janúar, mánudagur.
- 10. mars, þriðjudagur.
- 15. maí, föstudagur.

Eftirfarandi dagar eru skráningardagar. Á skráningardögum eru alltaf einhverjir leikskólar opnir fyrir þau börn sem skráð eru í vistun þessa daga.

Vetrarfrí:

- 27. og 28. október 2025
- 19. og 20. febrúar 2026

Jólafrí:

- 29. 30. desember 2025 og 2. janúar 2026

Páskafrí:

- 30. 31. mars og 1. apríl 2026

Fjöldi barna

Gert er ráð fyrir að börnin verði 97-99 skólaárið 2025 til 2026 og búið er að fylla í 97 pláss þegar þessi starfsáætlun er gerð.

Fjöldi barna í árgangi er eftirfarandi: 21 börn fædd 2020, 19 börn fædd 2021, 16 börn 2022 börn, 23 börn fædd 2023 og 17 börn fædd 2024.

Af 97 nemendum eru 27 börn tvítyngd/prítyngd.

1 barn er með 9 tíma vistun.

1 barn er með 8,45 tíma vistun.

73 börn eru með 7 til 8,30 tíma vistun.

22 börn með 6 klukkutíma vistun.

Í byrjun skólaárs 2025-2026 eru tímarnir 12 sem leikskólinn fær í úthlutað fyrir stuðning í 1. og 2. flokki.

Húsnæði og lóð

Skipta áttu um öll loftljós í skólanum og breyta í led lýsingu sumar 2025 en það reyndist mun seinlegra en vonir stóðu til og var einungis hægt að skipta um lýsingu á Bóli, í forstofunni við Ból og starfsmanna rými á eftir hæðinni. Leikskólinn var að hluta til málaður að utan sem var liður í nauðsynlegu viðhaldi á klæðningunni til að koma í veg fyrir skemmdir. Annað var ekki gert þetta árið.

Ósk um viðhald skólaárið 2025 – 2026

Óskað verður eftir málun á tveimur deildum og á undirbúningsrými. Búið er að óska eftir í þrjú ár að rafmagnsstokkur verði færður í sérkennsluherbergi og það málað og verður þeirri ósk haldið á lofti í þeirri von að hægt verði að fara í það þetta árið. Óskað verður eftir breytingum í undirbúningsrými kennara, færa skápa um vegg og ný vinnuborð sett upp. Óskað verður eftir að áfram verði unnið að skipta yfir í led lýsingu í öllum leikskólanum.

Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti.

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Vís.

11. Fylgigögn

Fylgiskjal 1- Umbótaáætlun

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun

Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 1 – Umbótaáætlun

- Þegar barn flyst á milli deilda á leikskólanum skal koma á tengslum foreldra við deildarstjóra nýju deildarinnar.

Leiðir: Deildarstjóri deildar sem barn flyst á skal hafa rætt formlega við foreldra barnsins einhvern tímann á fyrstu tveimur vikum barnsins á nýju deildinni. Kynna sig fyrir foreldrum og láta þá vita hvernig þeir geti haft samband við sig ef eitthvað er. Ef ekki næst að hitta á foreldrana í leikskólanum skal hringt í þá.

Ábyrgð: Leikskólastjóri og deildarstjóri.

Tími: Í ágúst þegar flutningur milli deilda hefur farið fram.

Endurmat: Deildarstjóri spyr um þetta í foreldraviðtali á vorönn 2026. Spurt verður um þetta í viðhorfskönnun foreldra í febrúar 2027.

- Bæta upplýsingagjöf til foreldra varðandi samstarf við Barnaskóla Kársness.

Leiðir: Í viðburðarbæklingi sem kemur til foreldra elstu barnanna á haustin skal draga fram það samstarf við Kársnesskóla sem fyrirhugað er í vetur þó ekki liggi fyrir dagsetningar. Senda viðburðarbæklinginn aftur um áramót með áherslu á samstarfið sem er á vorönninni.

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri.

Tími: September og janúar

Endurmat: Spurt verður um þetta í viðhorfskönnun foreldra í febrúar 2027.

- Skerpa á upplýsingagjöf til foreldra varðandi dagsetningar á starfsárinu sem áhrif hafa á venjubundin dag foreldra.

Leiðir: Senda foreldrum helstu dagsetningar skólaársins sem hafa áhrif á þeirra daglegu rútínu. Svo sem uppákomum í leikskólanum sem foreldrum er boðið að vera á, skipulagsdaga, skráningardaga o.s.frv.

Ábyrgð: Leikskólastjóri

Tími: September eða í byrjun október.

Endurmat: Athugað að vori þegar umbótalistinn er metinn.

- Auka hæfni starfsmanna að vinna með fjölbreyttan hóp nemenda í daglegu starfi leikskólans.

Leiðir: Fræðsla til allra starfsmanna um starfsaðferðir Reggio Emilia með áherslu á daglegt starf leikskólans svo sem samverustundir, hvíld, útveru og frjálsan leik. Deildastjórar ræða á deildastjórafundum um áskoranir í starfinu þegar kemur að hvíld, samverustundum, útveru og frjálsum leik og þjálfun starfsmanna.

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Tími: Fræðslan verður í september og/eða nóvember 2025. Deildarstjórar taka umræðuna á deildastjórafundum í október og nóvember.

Endurmat: Í viðhorfskönnun starfsmanna að vori verður spurt um leikni starfsmanna í daglegu starfi leikskólans.

- Fræðsla um hvernig allir starfsmenn hafa hlutverk í málörvun barna í daglegu starfi og í samverustundum.

Leiðir: Málstefna Marbakka kláruð og nýtt sem leiðarvísir allra starfsmanna í starfinu. Málstefnunefndin klárar fyrstu drög að málstefnu í ágúst eða byrjun september og sendir á starfsmenn til yfirferðar. Þjálfun starfsmanna til að ná færni í að hafa samverustundir með leikskólabörnum sem örva íslenskt mál.

Ábyrgð: Sérkennslustjóri.

Tími: Málstefnan verður kláruð snemma skólaárs og kynnt á skipulagsdegi í september. Á skipulagsdegi í september verður fræðsla um samverustundir tengd málstefnunni.

Endurmat: Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna vor 2026 verður spurt um hvert hlutverk starfsmanna er í málörvun í daglegu starfi.

- Gera skal deildafundi að vettvangi fyrir faglegar umræður og ákvarðanatökur.

Leiðir: Haldnir verði reglulegir deildarfundir á öllum deildum. Festa þá í skipulag á hálfsmánaðarfresti og nýta deildarfundir að hluta til til að ná fram skoðunum starfsmanna varðandi starfið svo hægt sé að taka tillit til þeirra þegar ákvarðanir eru teknar um starf leikskólans.

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri og deildastjórar.

Tími: Skipulagt í september.

Endurmat: Spurt um aðkomu starfsmanna í ákvarðanatökum í viðhorfskönnun starfsmanna vor 2026.

- Auka virka þátttöku allra starfsmanna í umræðum um starfið.

Leiðir: Festa deildarfundir hálfsmánaðarlega og nýta þá að hluta til til að virkja alla starfsmenn til þátttöku í umræðum um starfið.

Ábyrgð: Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildastjórar.

Tími: Búið sé að koma skipulagi á deildarfundir á hálfsmánaðar fresti þann 1. október 2025.

Endurmat: Farið yfir það í janúar á deildastjórafundir hvernig haustið hefur gengið hvað varðar deildarfundir og skipulagið endurbætt ef það þarf. Aftur farið yfir þetta á deildastjórafundir að vori og allir starfsmenn spurðir að þessu í viðhorfskönnun starfsmanna í maí 2026.

- Að allir starfsmenn sem þurfa að undirbúa starfið fái undirbúningstíma óháð kjarafélagi.

Leiðir: Koma því þannig fyrir að starfsmenn sem eiga ekki kjarasamningsbundinn undirbúningstíma komist í undirbúning ef þeir telja sig þurfa tíma til að undirbúa starfið með börnunum. Reyna að skaffa öllum minnst klukkutíma á viku.

Ábyrgð: Deildarstjórar.

Tími: Komið í framkvæmd í byrjun nóvember 2025.

Endurmat: Rætt á deildarstjórafundir í janúar hvernig gengur með að koma öllum í undirbúning sem telja sig þurfa að undirbúa starfið.

- Starfsmenn fræðast um félagsfærni og vináttu leikskólabarna til að stuðla að betri félagslegri líðan barnanna.

Leiðir: Fræðsla um félagsfærni barna á skipulagsdegi í nóvember. Umræður og jafningjafræðsla um vináttu barna í fyrsta eða öðrum hring í faghópsumræðum.

Ábyrgð: Leikskólastjóri

Tími: Haustið 2025 og vorönn 2026

Endurmat: Viðhorfskönnun barna í maí/júní 2026 og í viðhorfskönnun starfsmanna vor 2026

- Setja samráðstíma sérkennslustjóra og deildastjóra fast niður á viku, einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn í kringum foreldraviðtölin.

Leiðir: Sérkennslustjóri setur niður í samráði við deildastjóra í hvaða viku hann á skipulagt samráð við hvern og einn deildarstjóra. Skipulagt í september samráðið á haustönn og í janúar samráðið á vorönn.

Tími: September og janúar

Ábyrgð: Sérkennslustjóri.

Endurmat: Metið þegar farið er yfir umbótalistann að vori 2026. Hvernig tókst til.

Verkefni tengd eftirfylgni og skólaþróun.

- Klára málstefnu Marbakka snemma hausts 2025 og virkja hana sem leiðarvísir fyrir starfsmenn.

Leiðir: Málstefnunefndin skilar af sér og kynnir fyrir starfsmönnum.

Tími: Kláruð í upp hafi september og kynnt á skipulagsdegi á skipulagsdegi 19. september.

Ábyrgð: Sérkennslustjóri.

Endurmat: Metið þegar farið er yfir umbótaverkefnalistann vor 2026

- Gera læsisstefnu Marbakka gefa hana út í febrúar 2026

Leiðir: Stofnuð verður læsisstefnunefnd í lok september sem vinnur að læsisstefnu, drög kynnt á skipulagsdegi í nóvember og læsisstefna gefin út í byrjun árs 2026.

Tíma: September og nóvember 2025 til febrúar 2026.

Ábyrgð: Sérkennslustjóri.

Endurmat: Metið þegar farið er yfir umbótaverkefnalistann vor 2026.

- Styðja við færni starfsmanna að leiðbeina börnum sem sýna erfiða hegðun.

Leiðir: Fá utanaðkomandi með fræðslu fyrir starfsfólk um verkfæri fyrir leikskólastarfsmenn til að aðstoða börn með erfiða hegðun. Tillaga að hafa „árangursrík ráð við erfiðri hegðun barna“ sem umfjöllunarefni í faghópsumræðum vor 2026

Tími: 12. nóvember 2025 og vorönn 2026

Ábyrgð: Leikskólastjóri

Endurmat: Spurt um færni starfsmanna í viðhorfskönnun meðal starfsmanna í maí.

- Uppfæra áfallaáætlun Marbakka og gefa út haust 2025.

Leiðir: Óskað verður eftir ritstjóra úr starfsmannahópnum sem sér um að uppfæra áfallaáætlunina og bera undir starfsmenn. Ný uppfært form að áfallaáætlun fyrir leiksóla Kópavogs sem starfsmenn skólaskrifstofu sendu í leikskólana í júlí 2025 nýtt sem viðmiðunarplagg.

Tími: Búið í nóvember 2025. Kynnt á skipulagsdegi

Ábyrgð: Leikskólastjóri

Endurmat: Þegar farið er yfir umbótalistann að vori 2026. Gert eða ekki gert.

Fylgiskjal 2 – Símenntunaráætlun

Pátttakendur	Lýsing á námskeiði	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk	Deildafundir	Upplýsingagjöf, fræðsla og vettvangur fyrir ákvarðanatökur	Allt skólaárið	Aðra hvora viku	Unnið í vinnutíma	Stjórnendur
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Endurmat á líðan og starfi hvers og eins starfsmanns	Vor 2025	30 - 60 mín pr. Starfsmann	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar
Allt starfsfólk	Hópefli ferð á Selfoss með fræðslu ívafi.	Að hrista saman starfsfólk sem kemur til með að vinna saman næsta skólaár. Rútuferð á Selfoss og hádegismatur þar	19. september 2025	3 tímar	Unnið á dagvinnu	Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Hlustun, hlustum á hvort annað bæði börn og fullorðnir	Hlustun, mikilvægi þess að við hlustum á hvert annað bæði börn og starfsfólk.	19. september 2025	1,5 tími	Unnið á dagvinnu	Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Skipulagsdagar jafningja fræðsla. Kynning og umræður um málstefnu Marbakka	Starfsmenn auki leikni sína að styðja við íslenskukunnáttu allra nemenda.	19. september	0,5 kl. tími	Unnið í vinnutíma	Stjórnendateymið
Allt starfsfólk	Úti umhverfi barna. Leikskólalóðir hvað er best? Vettvangsskoðun.	Að starfsfólk myndi sér skoðanir og ræði um hvernig leikskólalóðir eru bestar. Það fer að koma að Marbakka að gera upp lóðina og þetta er liður í undirbúningi.	19. september	2 tímar	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Jafningja fræðsla á skipulagsdegi í nóvember um daglegt starf í anda Reggio Emilia	Fræðsla til allra starfsmanna um starfsaðferðir Reggio Emilia með áherslu á daglegt starf leikskólans s.s. samverust., hvíld, útveru og frjálsan leik	12. nóv.	1,5 tími	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskóla-stjóri
Allt starfsfólk	Fræðsla um erfiða hegðun barna og ráð. Elísa Guðnadóttir sér um fræðsluna	Auka hæfni starfsmanna til að draga úr erfiðri hegðun barna með það að markmeiði að börnum líði betur.	12. nóv.	2 tímar	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Utanaðkomandi aðili kemur með fræðslu.	Dýpka þekkingu starfsmanna á félagsfærni barna, vináttu og samskiptum.	19. janúar	2. tímar	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Fagfundir	Þátttaka allra starfsmanna í umræðum um fagleg mál	Allt skólaárið	4 x á skólaárinu	Unnið í dagvinnu	Leikskólastjóri
Stjórnendateymið	Handleiðslufundir	Deildastjórahandleiðsla	1x á önn	2 tímar í senn	Unnið í dagvinnu	Leikskólastjóri
Stjórnendateymið	Handleiðslufundir	Stjórnendateymið	1x á önn	2 tímar í senn	Unnið í eftirvinnu	Leikskólastjóri
Stjórnendateymið	Deildastjórafundir	Skapa umræður um starfið og samstilling stjórnendateymis og endurmat.	1x í viku	45 mín. hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri

Fylgiskjal 3 – Leikskóladagatal

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2025 - 2026

Nafn skóla: **Marbakki**

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F Sumarlökun	1 M	1 M	1 L	1 M Fullveldisdagurinn	1 F Nýlisdagur	1 S	1 S	1 M Skráningardagur	1 F Vetrarþingardagurinn	1 M	1 M
2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ	2 F Skráningardagur	2 M	2 M	2 F Skírdagur	2 L	2 Þ	2 F
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F Föstudagurinn langi	3 S	3 M	3 F
4 M Fíráðgur verðunarmána	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
5 Þ Sumarlökun	5 F	5 S	5 M	5 F	5 M	5 F	5 F	5 S Þeskadagur	5 Þ	5 F	5 S
6 M Sumarlökun	6 L	6 M	6 F	6 L	6 Þ Þrettándin	6 F Dagur leikskólans	6 F	6 M Annar í Þáskum	6 M	6 L	6 M
7 F Skólar opna kl: 13:00	7 S	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 L Dagur tónlistarskólans	7 L	7 Þ	7 F	7 S Sjómansdagurinn	7 Þ Skólar taka kl: 13:00
8 F	8 M Dagur læsja	8 M	8 L Barntudagur gegn einelti	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M Sumarlökun
9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F Sumarlökun
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 Þ	10 Þ Skíplagsdagur	10 F	10 S	10 M	10 F Sumarlökun
11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 M Dagur íslenskra tónlistarmanna	11 M	11 L	11 M Afmæli Marbakka	11 F	11 L
12 Þ	12 F	12 S	12 M Skíplagsdagur	12 F	12 M	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S
13 M	13 L	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L	13 M Sumarlökun
14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L Dagur starfsmanna	14 Þ	14 F Uppföðningardagur	14 S	14 Þ Sumarlökun
15 F	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F Skíplagsdagur	15 M	15 M Sumarlökun
16 L	16 Þ Dagur íslenskrar náttúru	16 F	16 S Dagur íslenskrar tungu	16 Þ	16 F	16 M Bolludagur	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F Sumarlökun
17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 L	17 Þ Sprengidagur	17 Þ	17 F	17 S	17 M Ljónveldisdagurinn	17 F Sumarlökun
18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 M Öskudagur	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
19 Þ	19 F Skíplagsdagur	19 S	19 M	19 F	19 M Skíplagsdagur	19 F Skráningardagur	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20 M	20 L	20 M	20 F Dagur mannminda barna	20 L	20 Þ	20 F Skráningardagur	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M Sumarlökun
21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 L	21 L	21 Þ	21 F Óskriðt árg. 2020	21 S	21 Þ Sumarlökun
22 F	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S Konudagur - upphaf Góu	22 S	22 M	22 F	22 M	22 M Sumarlökun
23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ Þorláksmessa	23 F Bóndadagur - upphaf Dóna	23 M	23 M	23 F Sumardagurinn fyrsti	23 L	23 Þ	23 F Sumarlökun
24 S	24 M	24 F	24 M	24 M	24 L	24 Þ	24 Þ	24 F	24 S Hvítanunnudagur	24 M	24 F Sumarlökun
25 M	25 F	25 L Fyrsti vetrardagur	25 Þ	25 F Jólardagur	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M Annar í Hvítanunni	25 F	25 L
26 Þ	26 F Evrópski tungumáladagurinn	26 S	26 M	26 F Annar í jólum	26 M	26 F	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S
27 M	27 L	27 M Skráningardagur	27 F	27 L	27 Þ	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M Sumarlökun
28 F	28 S	28 Þ Skráningardagur	28 F	28 S	28 M	28 L	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ Sumarlökun
29 F	29 M	29 M	29 L	29 M Skráningardagur	29 F		29 S Þámanunnudagur	29 M	29 F	29 M	29 M Sumarlökun
30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ Skráningardagur	30 F		30 M Skráningardagur	30 F	30 L	30 Þ	30 F Sumarlökun
31 S		31 F		31 M Gamliásdagur	31 L		31 Þ Skráningardagur	31 S			31 F Sumarlökun


Á eftirtöldum viðburðum á leikskólaárinu 2025 - 2026 eru foreldrar boðnir velkomnir að vera með:
 Í september verður morgunkaffi á Lundi, Læk og Ósi, foreldrar deilda fá tækifæri til að hittast og kynnast.
 Í desember er jólaþingur fyrir foreldra og aðstandendur.
 Í febrúar og mars verður öllum foreldrum boðið upp á foreldravæðing.
 Í maí í kringum afmæli Marbakka 11. maí er morgunkaffi og opið hús, foreldrar og aðrir aðstandendur velkomnir.
 Í fyrripart júní í er sumarástíð foreldrafélagsins, aðstandendur velkomnir að vera með á hátíðinni.
 Athugið að skráningardögum eru alltaf einhverjir leikskólar opnir í Kópavogi sem taka við þeim börnum sem ekki eru í aðstöðu til að vera í fríi. Starfsmenn úr Marbakka verða á staðnum.


Fylgiskjal 4 – Umsögn foreldraráðs

Kópavogur, 28. ágúst 2025

Við fulltrúar í foreldraráði Marbakka staðfestum með undirskrift okkar hér fyrir neðan að við höfum tekið til umfjöllunar starfsáætlun Marbakka, fyrir skólaárið 2026 – 2027.

Foreldraráðið staðfestir að það gerir ekki athugasemdir við starfsáætlunina.


María Ósk Sverrisdóttir


Eydís Inga Valsdóttir

Ath. Í foreldraráði voru auk Eyðisar Ingu og Maríu Óskar þær Hafrún Lilja Jakobsdóttir og Dóra Sif Ingadóttir en þær hættu báðar í foreldraráðinu í sumar 2025 samhliða því að þær fluttu úr landi með fjölskyldum sínum.